Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dómsskjöl um afréttarland í Fóelluvötnum 1890-1892. Nýbýli í Lækjarbotnslandi 1865-1868

Aðfnr. 1367, örk 6

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

No 4 Lagt fram í landsyfirdóminum 9. nóv. 1891.
Jón Jensson

Fr.

Franz Eduard Siemsen

sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Kunngjörir: Ár 1891 hinn 16. september var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Ártúnum og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með vottunum Guðmundi Helgasyni og Ólafi Gunnlaugssyni. Var þá tekið fyrir

að taka þingsvitni viðvíkjandi landamerkjum á afrjettarlandi Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps gagnvart Elliðakoti.

Mætti í rjettinum landritari Hannes Hafstein af hendi Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps, og leggur fram stefnu til Guðmundar bónda Magnússonar til að hlýða á vitnaleiðslu hjer í dag. Stefnan er útg. 5. þ. m.; ennfremur stefnu til Gríms Ólafssonar á Hólmi til að gefa vitnisburð hjer í dag. Stefna þessi er dagr. s. dag. Skjöl þessi auðk. ekr. 1 og 2 og hljóða svo:

Nr. 1.

Franz Siemsen

sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Gjörir kunnugt: eptir því að settur yfirrjettarmálafærslumaður Hannes Hafstein sem umboðsmaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í máli gegn Guðmundi bónda Magnússyni í Helliskoti útaf landamerkjum hefur þjáð sig þurfa að fá þingvitni upp leiðin til upplýsingar um ýmis atriði í þjeðu máli, að þór er snertir afrjettarland Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur og merki milli afrjettarlands þessa og jarðarinnar Hellisskots í Mosfellssveit, þá stefnist hjermeð samkvæmt beiðni hans bóndanum Guðmundi Magnússyni í Hellisskoti (Elliðakoti) til þess að mæta í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Artúni miðvikudaginn hinn 16. þessa mánaðar, klukkan 11 f.h. til þess þar og þá að heyra á framburð og eiðsfjall vitna, stefnanda og stefnda, um það, er að framan er greint.
Sömuleiðis stefnist að viðlagðri lagauna falsmálssektum bóndanum Magnúsi Ólafssyni á Lambhaga til þess að mæta á ofangreindum stað og á tilgreindri stundu til þess að bera vitni um ýmislegt, er lýtur að framannefndri landamerkjaþrætu milli Hellisskots og eigenda afrjettarlandsins, og ef til kemur, vinna eið að framburði sínum.
Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 5. sept. 1891.

Stefnugjald: 41- fjörutíu og eins eyrir. borgað Franz Siemsen
Franz Siemsen
(L.S.)

Ár 1891 þriðjudaginn 8. september kl. 12 á hádegi komum við undirskrifaðir stefnuvottar í Mosfellssveit

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

birt framanritaða stefnu bóndanum Guðmundi Magnússyni í Elliðakoti og sama dag kl. 3 bóndanum Magnúsi Ólafssyni í Lambhaga persónulega á heimilum þeirra.
Þetta vitnum við í krafti stefnuvotta eiðs okkar með nöfnum og innsiglum.

Jón Arnason. Erlendur Þorsteinsson.
(L. S.) (L. S.)

Borgun fyrir birtinguna og ferðakostnað 4 - fjórar - krónur.
J. A. E. Þ.

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 16/7 1891.
Franz Siemsen

Nr. 2.

Franz Siemsen
sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt kröfu yfirrjettar-málfærslumanns Hannesar Hafstein sem umboðsmanni fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í máli gegn Guðmundi bónda Magnússyni í Helliskoti útaf landamerkjum milli afrjettarlands Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur og lands jarðarinnar Helliskots stefnist hjermeð bóndanum Grími Ólafssyni á Hólmi að viðlögðum lagaanna fallsmálsbótum til þess að mæta í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Árbæ í Mosfellshreppi miðvikudaginn 16. þ. m. kl. 11 f. h. til þess að bera

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vitni um ofangreint þrætuefni og ef til kemur, vinna eið að framburði sínum.
Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.
Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 5. sept. 1891.
Stefnugjald: 41 - fjörutíu og einn - Franz Siemsen
eyrir; borgað. Franz Siemsen (L. S.)
Ár 1891 þann 7. septembermánaðar höfum við undirritaðir stefnuvottar í Seltjarnarneshreppi birt framanritaða stefnu bóndanum Grími Ólafssyni á Hólmi persónulega á heimili hans; þetta vitnum vjer í krapti vors eiðs með undirskrifuðum nöfnum.
Ingjaldur Sigurðsson. Eiríkur Bjarnason
Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 16/9 1891.
Franz Siemsen
Ennfremur sýndi vitnastefnandi í rjettinum sáttakæru í máli, er umbjóðendur hans hafa höfðað fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu gegn vitnastefnda útaf ágreiningi um landamerki milli afrjettarlands Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps gagnvart Elliðakoti.
Þá lagði umboðsmaður stefnanda fram spurningar til vitna, dags. í dag, en áskildi sjer rjett til að mega bæta við spurningum eða sleppa úr nokkrum af þeim er á skjalinu standa undir vitnaleiðslunni, ef honum svo sýnist. Skjal þetta auðk. Nr. 3 og hljóðar svo:
Nr. 3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vitnaspurningar.

1. Hvað heitir vitnið, og hvað er það gamalt?
2. Er vitninu kunnugt um að Seltjarnarneshreppur, eða nú Seltjarnarneshreppur og Reykjavík, eigi afrjettarland nokkurt, er tilheyrt hefur landsvæði hins forna hrepps?
3. Hvað er vitninu kunnugt um merki fyrir afrjettarlandi þessu gagnvart Mosfellshreppi og jörðunum þeim, sem þar liggja næst kalnöðskunum?
4. Hvaða landssvæði er það, sem nefnt er Fóelluvötn?
5. Hefur vitnið ekki heyrt báði efri og neðri Fóelluvötn talin aðalgraslendið í Seltirninga og Reykjavíkur-afrjetti og hvað annað land tilheyrir afrjettinum?
6. Er vitninu ekki kunnugt um, að menn úr Seltjarnarneshreppi og Reykjavík hafi rekið fje og hesta í afrjett í Fóelluvötnunum, óátalið af öllum, um langt árabil?
7. Veit vitnið ekki til, að Seltirningar og Reykvíkingar hafi heyjað í Fóelluvötnunum sem almenningi, óátalið af öllum?
8. Veit vitnið ekki til, að Seltjarnarneshreppur hafi innt þar gangnaskil af hendi og smalað Fóelluvötn til þessa?
9. Veit vitnið ekki til að Seltjarnarneshreppur og Reykjavík hafi fyrrum lagt fje fram til vegabóta upp hjá Lækjarbotnunum og uppi Fóelluvötnunum, að svo miklu leyti sem vegur hefur legið um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þau, svo sem til innanhreppsvegar?

10. Er vitninu ekki kunnugt um, að ferðamenn hafi áð hestum sínum og legið í Fjellsvöllum sem óátöldum áfangastað og afrjettarlandi um langt árabil og fram á þennan tíma, án leyfis nokkurs sjerstaks jarðeiganda? Hefur landið nokkurntíma verið varið frá Helliskoti?

11. Er vitninu ekki kunnugt um, að kona nokkur, Guðrún Hákonardóttir, byggði sjer kofa og bjó um tíð í Fjellsvöllunum sem afrjettarlandi?

12. Hefur vitnið heyrt eldri eigendur eða ábúendur Helliskots (eða Elliðakots) tala nokkuð um landeignar sína, eða láta í ljósi, að Fjellsvöllu lægju undir Helliskot?

13. Hefur vitnið heyrt nokkurn halda því fram að Helliskot ætti land suður fyrir norðurfarveg Fossvallaár, eða sjerstaklega nokkurn gamlan mann halda því fram, að Fjellsvöllurnir væru í heimalandi Helliskots?

14. Man vitnið eptir, að áður hafi sjezt árfarvegur frá Nautapolli niður að vatnaánum, sem ekki er markaður á hinum framlagða uppdrætti?

15. Ef svo er, var sá farvegur greinilegri áður? Hvernig rennur áin á þeim kafla í vatnaðselinu, og rennur hún nokkursstaðar undir jörðinni?

16. Getur vitnið nokkrar frekari upplýsingar gefið að því er þrætulandið snertir, nokkurn keð- og eignarrjett yfir því?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

p. t. Ártúnum 16. sept. 1891.
Hannes Hafstein.

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 16/9 1891.
Franz Siemsen.

Óskaði vitnastefnandinn þá, að vitnaleiðslan framfæri. Vitnastefndi mótmælti því, að nokkur Reykjavíkurbúi og Seltjarnarneshrepps geti borið vitni í þessu máli þar sem hann verði að skoðast sem málsaðili. Vitnastefnandi neitaði þessu sem ástæðulausu og misskilningi.

Mætti þá í rjettinum kaupmaður Geir Zoëga; var hann áminntur um sannsögli. Fyrir hann voru lagðar spurningarnar á rskjali Nr. 3 og svaraði vitnið þeim þannig:

ad 1. spurn.: Geir Zoëga, Dbrs.

ad 2. — " — Vitnið svarar þeirri spurningu játandi.

ad 3. — " — Vitnið segist hafa heyrt, að norður-áin greini að leiði sýslurnar svo og Mosfells- og Seltjarnarneshreppa, alla leið frá Mantafelli eða fyrir sunnan Lyklafell og niður úr.

ad 4. — " — Fóelluvötn er kallað graslendissvæði með vötnum í fyrir neðan og sunnan Lyklafell.

ad 5. — " — Þessari spurningu svarar vitnið ~~nei~~játandi.

ad 6. — " — Vitninu er kunnugt um að hross eða stóð hafi verið rekin óátalið af öllum uppí Fóelluvötn, en því er ókunnugt með fje enda er, einsog kunnugt er, lítið til af því í Reykjavík, og bætir vitnið því við, að það sem drengur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Fóðurgarði hafi rekið slóð þangað uppeptir og svo síðar sem eigandi hrossa og eptir að vitnið varð Laugarnesseigandi, hafi mýrarnar þar verið smaladar og allt slóð rekið uppí Fóellu-völlu, óátalið.

ad 7. spurn.: Vitnið veit til þess og tekur jafnframt fram, að faðir þess hafi um 1840 heyjað þar sem í afrjettarlandi, óaðspurt og óátalið um 1 kýrfóður.

ad 8. – " – Vitnið man það glögglega, að „völlinn" hafi verið amólað af Reykvíkingum og Seltirningum og að þeim hafi verið skipað að gjöra það.

ad 9. – " – Vitninu er þetta ókunnugt.

ad 10. – " – Vitninu er kunnugt um, að ferðamenn jafnaðarlega áðu og á enn í dag í Fóelluvötnum og liggja þar óátalið af öllum. Vitnið hefir aldrei heyrt þess getið, að landið hafi verið varið frá Helliskoti.

ad 11. – " – Vitninu var sagt það sem ungling að kona nokkur, Guðrún Hákonardóttir einhverntíma milli 1820–30 hafi byggt kofa og búið í Fóelluvötnum sem afrjettarlandi.

ad 12. – " – Vitnið heyrði þessa aldrei getið og segist það hafa verið kunnugt í Helliskoti.

ad 13. – " – Vitnið hefir aldrei heyrt þess getið, að Helliskot ætti land suður fyrir norðurfarveg Fossvallaár fyrr en hinn núverandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigandi Hellisholti fyrir nokkrum árum gagnvart Hallberu Jónsdóttur. Vitnið hefir engan mann, hvorki gamlan nje ungan heyrt halda því fram að Elliðavötnin væru í heimalandi Hellisholts.

Vitnastefnandi sýndi í rjettinum „uppdrátt af þrætulandi milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annarsvegar og hins núverandi eiganda Hellisholts hinsvegar.

Vitnastefnandi óskar eigi að 14. og 15. spurningin sje lögð fyrir vitnið.

að 16. spurn.: Vitnið getur eigi gefið frekari upplýsingar í þessu máli, en það hefir gjört.

Vitnið er reiðubúið til að staðfesta þennan framburð sinn með eiði, ef þess yrði krafizt.

Vitnastefndi bað þessar gagnspurningar lagðar fyrir vitnið:

1. spurn.: Hefir vitnið nokkurn tíma sjeð Seltirninga eða Reykvíkinga smala „vötnin“ til almenningsrjetta?

2. –„– Hefir vitnið nokkurn tíma heyrt eða sjeð það standa í nokkrum seðli, sem gefinn sje út til leitarmanna, að þeir ættu að smala „vötnin?“

Þessum spurningum svarar vitnið þannig:

að 1. spurn.: Vitnið hefir eigi sjeð þetta af því það þá daga hafi eigi verið á ferð uppi vötnum.

að 2. –„– Vitnið segist engan slíkan seðil hafa sjeð,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda hafi það eigi verið neinn fjáreigandi
i Reykjavik eptir 1872 þegar hreppsnefndir
voru stofnaðar.
Vitnið vill vinna eið að þessum framburði sínum.
Báðir málspartar taka framburð vitnisins hjer
fyrir rjetti í dag, eins gildan og eiðfestur væri.
Vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Jóhannes Olsen
Var hann áminntur um sannsögli. Fyrir vitn-
ið voru lagðar spurningarnar á rskjali Nr. 3 og
svarar það þeim þannig:
að 1. spurn.: Jóhannes Olsen, 68 ára.
að 2. —"— Þessari spurningu svarar vitnið játandi.
að 3. —"— Vitnið hefir aldrei heyrt annað en að
norðurmáin frá fjalli til fjöru sje hreppa
og sýslumerki.
4. spurning fellur burtu.
að 5. spurn.: Þessari spurningu svarar vitnið með
jái og bætir við, að land þessa afrjettarlands
í Fóelluvötnum tilheyri eða hafi til-
heyrt afrjettinum Sandfell, Selfjall og
Lækheiði.
að 6. —"— Já.
að 7. —"— Já.
að 8. —"— Já.
að 9. —"— Já.
að 10. —"— Vitnið veit til, að menn enn þann dag
í dag hafi áfangastað og liggi í Fóelluvötn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um, óátalið af öllum. Vitnið veit eigi til, að landið hafi nokkurntíma verið varið frá Hellirskoti.
að 11. spurn.: Vitnið hefir heyrt þetta.
að 12. —„— Vitnið segist hafa heyrt að Halldór, sem átti Helliskot, hafi sagt, að hann ætti eigi Fjellnvötnin, en brúkaði þau til slægna, er honum sýndist, meðan sjer eigi væri bannað það.
að 13. —„— Nei.
að 14. —„— Vitnið man að árfarvegur hafi verið þar (meðfram hlíðinni niður með Lyklafelli) fyrir 20-30 árum síðan.
Sje 14. vitnaspurning
15. spurning fellur burtu.
að 16. —„— Nei.
Vitnið vill vinna eið að þessum framburði sínum ef krafizt yrði. Vitnastefndi mótmælti framburði þeirra vitnis. Vitnastefnandi óskaði þá, að vitnið yrði eiðfest. Eptir löglegan undirbúning vann vitnið Jóhannes Olsen eið að skýrslu þeirri, sem það hefir gefið fyrir rjetti hjer í dag. Vitnið vjek úr rjetti. Mætti þá í rjettinum vitnið Jóhannes Zoëga. Var hann áminntur um sannsögli. Dómarinn lagði fyrir vitnið spurningarnar á skjali Nr. 3 og svarar það þeim þannig:
að 1. spurn.: Jóhannes Zoëga, 69 ára.
að 2. —„— Já.
að 3. —„— Vitnið hefir ávallt heyrt, að norður-áin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rjeði merkjum milli hreppanna og sýslnanna.

4. spurning fellur burtu.

að 5. spurn.: Vitnið hefir ávallt heyrt efri og neðri Fóelluvötnum talin aðalgraslendið í Seltirninga- og Reykjavíkurafrjetti meðan Seltjarnarnes og Reykjavík voru sameinuð. Auk vatnanna hefir vitnið heyrt að tilheyri (afrjettinum) eða hafi tilheyrt Sandfell, Selfjall og Lakheiði.

að 6. — Já.

að 7. — Já.

að 8. — Já.

að 9. — Vitnið man þetta eigi greinilega.

að 10. — Vitnið veit til að ferðamenn hafi mjög opt áð hestum sínum og legið í Fóelluvötnum sem óátöldum áfangastað og afrjettarlandi án leyfis nokkurs sjerstaks landeiganda. Vitnið veit eigi til þess, að landið hafi verið varið frá Helliskoti.

að 11. — Vitnið segir að faðir þess hafi sagt því frá þessu og bent því á tóftarnar.

að 12. — Nei.

að 13. — Nei.

að 14. — Vitnið man eptir, að það hafi sjeð farveg úr Nautapolli niður með hlíðinni, sem fylltist vatni á vorin í vatnavöxtum. Er langt síðan vitnið hefir sjeð þetta.

15. spurning fellur burtu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að 16. spurn. Nei.
Vitnið er reiðubúið til að vinna eið að þessum framburði sínum, ef krafist yrði. Málspartar tala framburð vitnisins eins gildan og eiðfestur væri.
Vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Grímur Ólafsson á Hólmi. Var hann áminntur um sannsögli. Fyrir vitnið voru lagðar spurn. Nr. 1, 6–9 á rskjali Nr. 3 og svarar það þeim þannig:

að 1. spurn.: Grímur Ólafsson, 73 ára.

að 6. — " — Vitnið segist hafa talað við menn bæði úr Seltjarnarnesshreppi og Reykjavík, sem hafa sagst hafa rekið fje og hross uppí Föellnvölu.

að 7. — " — Vitnið veit til, að það hafi verið gjört frá Lækjarbotnum.

að 8. — " — Vitnið svarar þessari spurningu játandi og bætir því við, að það hafi verið á leitunum uppum Föellnvölu eptir seðli frá Seltjarnarneshreppi.

Vitnastefnandi beiðir þessa spurningu lagða fyrir vitnið: Hefir vitnið heyrt nokkurn gamlan mann segja, að Föellnvölu væru í landi Helliskots?
Vitnið hefir eigi heyrt neinn segja það.
Vitnið er reiðubúið til að staðfesta þennan framburð sinn með eiði ef krafist yrði. Málspartar tala framburðinn eins gildan og eiðfestur væri.
Vitnið vjek úr rjetti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mætti þá í rjettinum vitnið Óð. Magnús Ólafsson í Lambhaga. Fyrir þetta vitni voru lagðar sömu spurningar og fyrir vitnið hjer næst á undan og svarar það þeim þannig:

ad 1. spurn.: Magnús Ólafsson, 34 ára.

ad 6. —"— Já.

ad 7 —"— Vitnið veit ekkert um það.

ad 8. —"— Vitnið segist hafa verið gangnaforingi og skipað mönnum í leitir í Fóelluvötnunum sem Seltjarnarneslandi.

Vitnið hefir eigi heyrt neinum manni segja að Fóelluvötnin væru í landi Helliskots.

Vitnastefndi bað þá gagnspurningu lagða fyrir vitnið:

Hefir vitnið spurt nokkurn að því, hvort Vötnin væru Helliskotsland eða eigi? Vitnið svarar þessu með nei. Ennfremur biður vitnastefndi þessa spurningu lagða fyrir vitnið:

Veit vitnið eigi til, að menn úr Mosfellshreppi hafi tekið hross uppi Fóelluvötn án þess að fá til þess leyfi hjá Seltjarnarneshreppi. Vitnið veit til þess. Vitnið er reiðubúið til að staðfesta þennan framburð sinn með eiði, ef þess yrði krafist. Málspartar tóku framburð vitnisins einsgildan og eiðfestur væri. Vitnið vjek úr rjetti.

Mætti í rjettinum vitnið Ingimundur Gunnlaugsson. Var hann áminntur um sannsögli. Fyrir vitni þetta voru lagðar sömu spurningar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fyrir vitnið hjer næst á undan og svarar það þeim þannig:

að 1. spurn.: Ingimundur Gunnlögsson, 55 ára.

að 6. —"— Vitnið, sem þangað til fyrir tæpum 40 árum var á Hólmi hjá föður þess, hefir aldrei heyrt annað, en að Fóelluvötnin væru afrjettarland Seltjarnarneshrepps og að fje og hross hafi verið rekin þangað á afrjett óátalin af öllum.

að 7. spurn. Vitnið veit til að Jóhannes sál. Zoëga hafi heyjað þar, sömuleiðis faðir vitnisins.

að 8. —"— Vitnið veit til, að sjerstaklega uppkennir í hreppnum hafi innt þar gangnaskil. Vitnið segist sjálft meðan það var hjá föður sínum á Hólmi, hafa farið þangað í leitir og legið í Fóelluvatna-sæluhúsi.

Vitnið hefir eigi heyrt nokkurn mann segja, að Fóellnvötnin væru í landi Hellisfots. Vitnið er reiðubúið til að staðfesta þennan framburð sinn með eiði. Málspartar töldu framburð vitnisins einn gildan og eiðfestur væri. Vitnið vjek úr rjetti. Mætti þá í rjettinum vitnið Jón Einarsson. Var hann áminntur um sannsögli. Fyrir vitnið voru lagðar sömu spurningar og fyrir vitnið hjer næst á undan og svarar það þeim þannig:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad 1. spurn.: Jón Einarsson, 61 árs.
ad 6. —"— Já.
ad 7. —"— Já.
ad 8. —"— Já
Vitnið hefir eigi heyrt nokkurn mann segja að Fóelluvötnin væru Helliskotsland. Vitnið er reiðubúið til að staðfesta þennan framburð sinn með eiði. Málspartar töku framburð þess eins gildan og eiðfestur væri. Vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Þórður Halldórsson. Var hann áminntur um sannsögli. Fyrir vitnið voru lagðar spurningarnar á rskjali Nr. 3 og svarar það þeim þannig:
ad 1. spurn. Þórður Halldórsson, 73 ára; faðir vitnisins var eigandi og ábúandi Hellisskots.
ad 2. og 3. —"— Vitnið hefir heyrt, að Seltjarnarnesshreppur ætti afrjett fyrir sunnan ár.
ad 6. —"— Vitnið játar því og getur þess að faðir sinn amaðist eigi við því.
ad 7. —"— Vitnið veit til þess að Seltirningar hafi heyjað í Fóelluvötnunum meðan faðir þess lifði án þess hann hefði nokkuð við það að athuga.
ad 8. —"— Já.
Vitnið segist eigi hafa heyrt nokkurn mann segja að Fóelluvötnin væru í landi Hellisskots og telur því við að faðir þess hafi eigi álitið þau sitt land, nema hann notaði þau til beitar og slægna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins og áður.
Vitnastefndi bað þá spurningu lagða fyrir vitnið:
Voru ~~Veit~~ vitnið nokkuð um hvort heldur Fóellu-vötnin
væru afrjettarland Mosfellshrepps eða Seltjarnar-
nesshrepps. Vitnið vissi ekkert um það. Vitnið
er reiðubúið til að staðfesta framburð sinn með
eiði, ef þess yrði krafizt.
Málspartar tóku framburð vitnisins eins gildan
og eiðfestur væri. Vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Jón Jónsson í
Breiðholti. Var hann áminntur um sannsögli.
Fyrir vitnið voru lagðar spurningarnar á rskjali
Nr. 3 og svarar það þeim þannig:
að 1. spurn.: Jón Jónsson, 51 árs.
að 2. — „ — Já.
að 3. — „ — Vitninu er þetta ókunnugt.
að 5. — „ — Sama svar og vitnið Jóhannes Zoëga.
að 6. — „ — Já.
að 7. — „ — Vitnið heyrði þetta í ungdæmi sínu.
að 8. — „ — Já.
Vitnið segist eigi hafa heyrt nokkurn mann
segja að Fóelluvötnin væru í landi Hellis-
kots nema að Halldór, sem átti Helliskot, sló þar
eins og áður. Vitnið er reiðubúið til að staðfesta
þennan framburð sinn með eiði. Málspartar
tóku framburð hans eins gildan og eiðfestur væri.
Vitnið vjek úr rjetti.
Mætti þá í rjettinum vitnið Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Digranesi. Var hann áminntur um sannsögli. Fyrir vitnið voru lagðar þessar spurningar á rskjali Nr. 3 og svarar það þeim þannig:

ad 1. spurn.: Jón Magnússon, 27 ára.
ad 6. —"— Jú.
ad 7. —"— Þetta veit vitnið ekkert um.
ad 8. —"— Jú; vitnið hefir undanfarin ár verið gangnaforingi.

Vitnið hefir ávallt heyrt Fóellsvötnin talin afrjettarland Seltjarnarneshrepps. Málspartar töldu framburð vitnis þessa eins gildan og eiðfestur væri. Vitnið vjek úr rjetti.
Var svo vitnaleiðslu þessari lokið.

| Málspartar: | Frekara eigi fyrirtekið | Vottar: |
|---|---|---|
| Hannes Hafstein | Rjetti slitið | Guðm. Helgason |
| Guðm. Magnússon | Franz Siemsen | Ólafur Gunnlaugsson |
| + | + | + |

Þessu til staðfestu undir nafn mitt og embættisinnsigli

Franz Siemsen

Ritgjöld 1½ örk = Kr 2.25
Staðf. & innsigli = " 0.41
S Kr 2.66

— Borgun [illegible], upphæð og [illegible] —
Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No. 10

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1885

F. Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur